

Fundargerð
240. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs
Þriðjudaginn 29. ágúst 2017 kl. 12¹⁵ – 13¹⁵.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) (fjarverandi)
Árni Jóhannsson (ÁJ) vm (BS)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Guðfinnur Johnsen (GJ)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH) (fjarverandi)
Lúðvík Gústafsson (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Fjölpóstur
- (3) Rekstur 2017
- (4) Endurskoðunarskýrsla 2016
- (5) Önnur mál

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar (239. fundar).

Samþykkt

2. Fjölpóstur

Lögð var fram á fundinum beiðni UAR um tillögu um sérstakt úrvinnslugjald á fjölpóst ásamt öðrum gögnum um málið. ÓK fór yfir upplýsingar, og sýndi glærur, sem Úrvinnslusjóður hefur tekið saman um áætlað magn pappírs og hugsanlega upphæð úrvinnslugjalds ofl.. Stjórnarmenn ræddu tillöguna og næstu skref. Stjórn fór yfir alla þá hagsmunaaðila er þarf að hafa samráð við, til að kynna hugsanlega álagningu. GGÞ lagði til að koma á fundi með fulltrúum UAR og stjórn Úrvinnslusjóðs til að ræða framkvæmd á álagningu úrvinnslugjalds á fjölpóst.

3. Rekstur 2017

Á fundinum var lagt fram yfirlit yfir rekstur vöruflokka Úrvinnslusjóðs janúar – júlí 2017.

Umræðu frestað.

4. Endurskoðunarskýrsla 2016

Lögð var fram á fundinum endurskoðunarskýrsla Ríkisendurskoðunar fyrir Úrvinnslusjóð 2016. Stjórn fór yfir helstu niðurstöður.

5. Önnur mál

Árni Jóhannsson
Bryndís Skúladóttir
Ólafur Kjartansson

Stjórn samþykkti að koma upp miðlægum gagnagrunni til að halda utan um fundargerðir og skjöl er tilheyra stjórnarfundum. ÓK falið að koma slíkum gagnagrunni upp.

Næsti fundur ákveðinn 5. september 2017.
Fundu slitið kl. 13.15

Ólafur
Björn
LG
KO
SL